

Fundur - 2.desember 2004

Ár 2004 þann 2.desember kom umhverfis- og náttúruverndarnefnd saman til fundar á Reykhólum. Mættir allir aðalmenn auk sveitarstjóra er reit fundargerð.

Fundurinn hófst kl. 13:20

1) Staðardagskrá 21 fyrir Reykhólahrepp, staða mála. Hreppnum stendur enn til boða þjónusta Arnheiðar Hjörleifsdóttur hjá Staðardagskrá 21. Um er að ræða sérstakt verkefni fyrir fámenn sveitarfélög. Valdir voru eftirfarandi málaflokkar:

a) Drykkjarvatn

b)Fráveitumál

c) Úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum

d) Meindýraeyðing

e) Orkunýting

f) Skógrækt

g) Opinber innkaup

h) Eiturefni

i) Námur

j) Matvælaframleiðsla

2) Söfnun og endurnýting á heyrúlluplasti, erindi frá Úrvinnslusjóði. Hreppsnefnd vísaði þessu máli til nefndarinnar á fundi sínum 12. ágúst 2004.

Með lögum um úrvinnslugjald nr. 162/2002 og síðari breytingum var úrvinnslugjald lagt á heyrúlluplast 1. janúar 2004. Nú í desember munu Ríkiskaup auglýsa skilmála þar sem fyrirkomulaginu verður lýst nánar, auk þess sem óskað verður eftir þátttakendum í verkefnið; bæði þeim sem ætla að taka þátt í söfnun á plastinu og þeim sem vilja endurnýta það.

Nefndin leggur til að bannað verði að setja rúlluplast í sorpgáma sveitarfélagsins frá og með 1. janúar 2005. Rúlluplastið verði ekki látið safnast fyrir á ruslasvæðum sveitarfélagsins, heldur safni verktakar árlega eða oftár plasti frá bændum.

3) Umhverfisviðurkenningar , erindi frá Jóni Þór Kjartanssyni á Reykhólum. Hreppsnefnd vísaði þessu máli til nefndarinnar á fundi sínum 14. október sl.

Jón vísar til þess að í Dalabyggð séu veitt verðlaun fyrir snyrtilegasta garðinn, snyrtilegasta fyrirtækið og snyrtilegasta lögbýlið. Jón telur að þetta geti orðið hvatning til bættrar umgengni fyrir íbúa Reykhólahrepps. Jafnvel mætti veita þeim sem viðurkenningu fá 25% afslátt af fasteignagjöldum.

Nefndin er hlynnt erindinu en telur þó afslátt frá fasteignagjöldum ekki koma til greina.

4) Fjárhagsáætlun 2005, umhverfis- og náttúruverndarmál. Nefndin leggur ekki til miklar breytingar á milli ára.

Nefndin leggur til að rætt verði við Þörungaverksmiðjuna um framtíðarsorpmál hennar. Taka þarf ruslasvæðið á Reykhólum í gegn. Komið hefur til tals að Reykhóladeild Lions taki ruslasvæðið "í fóstur" og kemur það vel til greina.

5) Önnur mál:

a) Erindi frá Umhverfisstofnun dags. 1.nóvember 2004. Um er að ræða auglýsingar utan þéttbýlis, sbr. 43.gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun hefur áhuga á að fá náttúruverndarnefndir til samstarfs við stofnunina, þ.e.að nefndirnar kanni umfang þessara auglýsinga / skilta sem ekki standast ofangreinda lagagrein um látleysi.

Sveitarstjóra og formanni nefndarinnar falið að svara erindinu.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 15:30

Bjarki Stefán Jónsson (sign)

Tómas Sigurgeirsson (sign)

Ása B. Stefánsdóttir (sign)

Einar Örn Thorlacius (sign)